

AUGLÝSING

um deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar, Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 8. mars 2012 deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar í Þingeyjarsveit.

Deiliskipulagssvæðið sem er dregið sem 76,5 km² rétthyrningur er um 25 km suðaustur af Húsavík á milli Þeistareykjabungu í austri og Lambafjalla í vestri og nær yfir væntanlegt orkuvinnslu/iðnaðarsvæði ásamt tilheyrandi flutningslínunum raforku og vegi á Þeistareykjum.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Þingeyjarsveit, 12. apríl 2012.

Bjarni Reykjalín skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 27. apríl 2012